



Reykjavík, 1. febrúar 2021
2020100011
2.5.0

Menningar-, íþróttá- og tómstundaráð

Borgartúni 14
105 REYKJAVÍK

Viðhaldsstyrkir 2021

Í samstarfssamningi milli Reykjavíkurborgar og ÍBR frá 30. mars 2020 segir m.a. í 11. gr.: "Meiriháttar viðhald íþróttamannvirkja sem eru í eigu íþróttafélaga verður styrkt af Reykjavíkurborg samkvæmt mati úthlutunarnefndar.

Skipuð skal úthlutunarnefnd með einum fulltrúa skrifstofu ÍTR, einum fulltrúa ÍBR og einum fulltrúa Umhverfis- og skipulagssviðs Reykjavíkurborgar sem skulu fara yfir umsóknir um styrki vegna viðhalds. Skulu þeir leggja mat á hvort um meiriháttar viðhald sé að ræða og gera tillögur um úthlutun hvers árs til menningar-, íþróttá- og tómstundaráðs (fagráðs ÍTR) og borgarráðs.

Sækja skal fyrirfram um styrkveitingu til skrifstofu ÍTR vegna meiriháttar viðhalds- og endurbótaverkefna í íþróttamannvirkjum í eigu félaganna. Styrkveitingar til slíkra verkefna eru ætíð háðar því að þær rúmist innan fjárhagsáætlunar Reykjavíkurborgar."

Fulltrúar ÍBR, ÍBR og USK hafa farið yfir fyrilliggjandi erindi frá íþróttafélögum og gert tillögur um úthlutun vegna ársins 2021 sbr. meðfylgjandi fsk.

Gera skal samning við viðkomandi félög um styrkveitinguna.

Ómar Einarsson,
sviðsstjóri.